# REGLUR

**um þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins Dalabyggðar**

1. gr.

Sveitarstjórnarmenn sem og aðrir kjörnir fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins fá greidda þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn skv. þessum reglum.

Greitt er fyrir setu á formlegum fundum sveitarstjórnar og nefnda þar sem færð er fundargerð sem tekin er til afgreiðslu sveitarstjórnar.

2. gr.

*Grunnlaun.*

Greiðslur taka mið af launaflokki 122, þrep 4 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stéttarfélagsins Kjalar eins og hann er á hverjum tíma.

Almennur sveitarstjórnarmaður fær 30% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 7% fyrir hvern setinn fund.

Fulltrúi í byggðarráði fær 38% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 7% fyrir hvern setinn fund.

Oddviti fær 43% mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 7% fyrir hvern setinn fund.

Formaður byggðarráðs fær 42% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 7% fyrir hvern setinn fund.

Í þóknun fulltrúa byggðarráðs, oddvita og formanna byggðarráðs er innifalin þóknun almenns sveitarstjórnarmanns.

Nefndarmaður fær 7% fyrir hvern setinn fund.

Formaður nefndar fær 15% fyrir hvern fund.

Fulltrúi sem situr fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags fær 15% fyrir hvern fund. Sveitarstjórnarmaður ber sjálfur ábyrgð á að koma upplýsingum um fundi og akstur til launafulltrúa.

3. gr.

*Ferða- og dvalarkostnaður.*

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá aksturskostnað greiddan þegar um er að ræða akstur fundi sveitarstjórnar og nefnda eða akstur á fundi eða ráðstefnur utan sveitar. Greiðslur

taka mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna eins og það er á hverjum tíma.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá dvalar- og uppihaldskostnað greiddan ef hann situr fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags. Greiðslur taka mið af fram lögðum reikningum sem sveitarstjórnarmaður ber sjálfur ábyrgð á að koma til launafulltrúa. Þetta gildir ekki í þeim tilfellum þegar reikningar eru sendir til sveitarfélagsins af fundarhaldara/gististað.

4. gr.

*Laun í orlofi, lífeyrisréttindi og tryggingar.*

Sveitarstjórnarmenn fá greidd mánaðarlaun skv. 2. gr meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

Dalabyggð heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð að launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Sveitarstjórnarmenn eru tryggðir gegn slysum í starfi með sama hætti og starfsmenn Dalabyggðar.

5. gr.

*Greiðslur.*

Sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn fá greitt mánaðalega. Fundarseta er greidd skv. fundargerðum sem sveitarstjórn hefur staðfest.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar skv. 25. gr. Samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar og eru í samræmi við fyrri samþykktir sveitarstjórnar um þóknun sveitarstjórnarmanna.

Reglurnar voru staðfestar á 268. fundi sveitarstjórnar 16. apríl 2026 og taka gildi frá og með 1. júní 2026.